



Ég heiti Þórdís Björg Björgvinsdóttir og býð mig fram til setu í aðalstjórn HRFÍ.

Ég hef, frá því að ég man eftir mér, verið með brennandi áhuga á hundum og öllu sem þeim viðkemur. Ég var svo heppin að eignast minn fyrsta hund aðeins 12 ára gömul og síðan þá hef ég haft einn eða fleiri loðna félaga mér við hlið. Ég bý í Grafarvogi ásamt sambýlismanni mínum og tvíburadætrum okkar. Heima hjá okkur búa Nala 5 ára standard poodle, Pollý 9 mánaða papillon og Grumpy 1 árs pekingese.

Ég hef áhuga á flestu sem tengist hundum en það sem mér finnst skemmtilegast er að geta nýtt hundana mína til að gleðja aðra og það hef ég fengið að gera síðustu 7 ár með hundana mína, Charly og Nölu, en þau eru bæði heimsóknarvinir hjá Rauða krossinum. Við förum saman á líknardeildina í Kópavogi, þar sem við heimsækjum dagdeildina tvisvar í mánuði. Það hefur gefið mér mikið í gegnum tíðina að geta fylgst með þeim gleðja svona marga. En auk þess að vera sjálfboðaliði með heimsóknarhunda þá er ég líka á útkallslista skyndihjálparhóps Rauða krossins. Ég hef verið virkur þátttakandi í starfi HRFÍ frá 1997 í mörgum hlutverkum. Ég hef verið ungur sýnandi, sýnandi, ritari, hringstjóri, sýningarstjóri, dómari, ræktandi, tengiliður fyrir bichon frise, pekingese og poodle, setið í stjórn Smáhundadeildar, tekið þátt í stefnumótunarteymi HRFÍ og sem sjálfboðaliði á skrifstofu. Í dag sit ég í einangrunarnefnd.